



SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTJÓRA *STARFSÁRIÐ 2022*

Sólveig Franklinsdóttir var fastráðin sem framkvæmdastjóri ÆSKÞ í júní 2024. Árið á undan hafði hún gegnt stöðunni tímabundið til afleysingar í fjarveru Jóníu Sifjar Eypórsdóttur. Starfsárið var sérkennilegt að því leyti að mikil óvissa var ríkjandi um stöðu æskulýðsmála innan þjóðkirkjunnar og um leið framtíð og fjárhagsstöðu ÆSKÞ. Miklar skipulagsbreytingar hafa verið í gangi í æskulýðsmálum innan þjóðkirkjunnar m.a. með tilkomu nýrra stöðugilda svæðisstjóra, bæði á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Þessar ágætu breytingar höfðu áhrif á alla starfsemi, framkvæmd og stöðu sambandsins, m.a. varðandi undirbúning Landsmóts 2024. Sambandið hefur því þurft að endurskoða eigin tilgang og framkvæmdir. Sú endurskoðun er enn í farveginum og er m.a. háð því hvort sambandið hljóti fjarhagslegan stuðning frá Biskupsstofu í framtíðinni til þess að geta sint sínum verkefnum með sóma. Sólveig lét af störfum 1. febrúar 2025 vegna slæmrar fjárhagsstöðu félagsins og endurskipulagningar á starfseminni.

JANÚARNÁMSKEIÐ

Hið árlega Janúarnámskeið ÆSKÞ var haldið í Neskirkju 13. janúar kl. 10.30 – 19.00.

Námskeiðið er ætíð fyrir alla leiðtoga, æskulýðsfulltrúa, djákna og presta og þá leiðtoga sem hafa áhuga á æskulýðsmálum. Það er mikilvægt að hefja árið af krafti og var skráning á viðburðinn mjög góð. Að þessu sinni var boðið upp á tvískipt námskeið.

Annars vegar í skyndihjálpi og hins vegar í viðburða – og leikjastjórnun fyrir leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi. Dagurinn hófst á léttum morgunverði kl. 10:30. Fyrri hluti dagsins var tileinkaður skyndihjálpi (4 klst.). Leiðbeinandi var Sigríður Ólafsdóttir hjá Rauða krossinum á Íslandi. Á námskeiðinu lærðu þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálpi og endurlífsgun ásamt því að öðlast öryggi, færni og þekkingu í að veita nærstöddum aðstoð í bráðatilfellum með því að beita einföldum aðferðum í skyndihjálpi á öruggan hátt.

Markmiðið er að þátttakendur verði hæfir til að veita fyrstu hjálpi á slysstað. Það er ákaflega mikilvægt fyrir alla þá er starfa í barna- og unglingastarfi að kunna til verka í skyndihjálpi. ÆSKÞ hefur reglulega staðið fyrir skyndihjálparnámskeiði þar sem tilvalið er fyrir leiðtoga ýmist að hvort endurnýja skírteinin sín eða að fá skírteini í fyrsta sinn.

Eftir hádegishlé fór fram seinni hluti námskeiðsins í viðburða – og leikjastjórnun fyrir leiðtoga í barna- og æskulýðsstarfi. Leiðbeinandi var Jörgen Nilson, viðburða- og verkefnastjóri Dalama Camp. Það er einnig mikilvægt fyrir leiðtoga í barna – og unglingastarfi að kunna að leika sér og kenna öðrum að leika sér. Námskeiðið var í formi fyrirlesturs, fræðslu, verkefnavinnu og hópeflisleikja.

KIRKJUDAGUR KJALARNESPRÓFASTDÆMIS

Kirkjudagur Kjalarnessprófastsdæmis fór í fyrsta sinn fram í prófastsdæminu þann 27. janúar 2024 og var haldinn í Keflavíkirkirkju. Yfirskrift dagsins var :„Gleðjumst, hvetjum og uppbyggjum hvert annað“ (1Þ 5.11). Þar var ÆSKÞ með kynningarbás í samvinnu við Svæðisstjóra höfuðborgarsvæðisins og ÆSKH. Þar fékk starfsemi félagsins góða kynningu og útdeildi merktum brúsum og hleðslutækjum til áhugasamra. Dagurinn var í alla staði vel heppnaður.

KIRKJUDAGAR 2024

Kirkjudagar 2024 voru haldnir í Lindakirkju í Kópavogi eftir langt hlé dagana 25. ágúst til 1. september. Yfirskrift þeirra var: „Sælir eru friðflytjendur“. Þá var sérstakur hátíðardagur 31. ágúst tileinkaður allri fjölskyldunni með áherslu á barna- og unglingadagskrá. Þetta er samvinnuverkefni ÆSKÞ og fleiri þjónustuaðila þjóðkirkjunnar og Biskupsstofu. Með kirkjudögum vildi kirkjan m.a. benda á það að öll getum við verið friðflytjendur, þvert á trú og skoðanir. Þess vegna var mælt til þess að í beinu framhaldi af kirkjudögum myndi rauði þráður kirkjustarfsins veturinn 2024-2025 hverfast um innri og ytri frið. Í því samhengi myndi Landsmót ÆSKÞ 2024 bera yfirskrift er tengist friðarmálum.

Það fór mikill tími í undirbúning kirkjudaganna og sat framkvæmdastjóri í það minnsta þrjátíu fundi þeim tengdum. Á kirkjudögum var ÆSKÞ með kynningarbás í samvinnu við Svæðisstjóra höfuðborgarsvæðisins og ÆSKH. Þar var m.a. boðið upp á popp og skráningu í Leiðtogaskóla þjóðkirkjunnar.

Einnig sá ÆSKÞ um undirbúning, uppsetningu, framkvæmd og frágang á svokölluðu Völundarhúsi. Í Völundarhúsinu fengu börnin að hlusta á lifandi frásögn af biblíusögunni um það þegar Jesús stillti storminn. Því næst var bundið fyrir augu þeirra og þau leidd í gegnum þrautir er táknuðu erfiðleika lífsins. Með því að hafa trú og traust þá komust þau klakklaust í gegn. Það var endalaus biðröð í Völundarhúsið sem vakti mikla lukku barnanna.

AÐALFUNDUR OG NÝ STJÓRN

18. Aðalfundur ÆSKÞ 2024 fór fram 8. maí í Neskirkju í Reykjavík og einnig á Zoom. Fundurinn hófst kl. 17.30. Á dagskrá voru venjubundin aðalfundarstörf. Kosið var um gjaldkera til eins árs (þar sem þáverandi gjaldkeri lét af störfum eftir eitt starfsár í stað tveggja), ritara og tvo meðstjórnendur til tveggja ára auk fimm varamanna til eins árs. Það er virkilega lærdómsríkt og gefandi að starfa í stjórn félagasamtaka á borð við ÆSKÞ. Í stjórn situr að jafnaði fjölbreyttur hópur fólks með mismunandi bakgrunn í æskulýðsmálum og á breiðu aldrabili. Um tíma leit út fyrir að ekki tækist að manna stjórnina en að fundi loknum var stjórnin fullmönnuð aldeilis frábæru fólki líkt og sjá má í fundargerð aðalfundarins.

VAKTU MEÐ KRISTI

Vaktu með Kristi – VMK ÆSKP, er verkefni er gengur út á að setja saman dagskrá fyrir æskulýðsfélög sem hafa áhuga á að vaka með Kristi. Hugmyndin er að félögin geti boðið til gistinætur í kirkjunni sinni frá skírdegi og fram á föstudaginn langa. Þetta árið var viðburðurinn í höndum ÆSKH.

KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

Árlega boðar Biskups Íslands til Kirkjuþings unga fólksins (KUF). Þingið hefur í gegnum tíðina komið saman að vori og starfað í einn dag. Auk þess hafa þátttakendur þingsins hist daginn fyrir þing til þess að kynnast, snæða saman og undirbúa sig. Sú stefna var tekin vorið 2024 að halda kirkjuþing unga fólksins framvegis að hausti, til þess að færa það nær hinu almenna kirkjuþingi. Því voru haldi tvö þing árið 2024 og var hið síðara er haldið var að hausti því eins konar framhaldsþing frá þinginu sem haldið var um vorið.

Hlutverk kirkjuþings unga fólksins er að ræða stöðu og hlutverk ungs fólks í þjóðkirkjunni og í samfélagi kirkna um heim allan. Kirkjuþing unga fólksins er vettvangur ungs fólks til að hafa áhrif á starfsemi kirkjunnar.

ÆSKP hefur undanfarin ár sinnt undirbúningi og framkvæmd Kirkjuþings unga fólksins í samstarfi við fulltrúa á Biskupsstofu. Verkefnastjóri beggja þinganna var Sólveig Franklinsdóttir.

Bæði þingin voru haldin í Háteigskirkju í Reykjavík. Hið fyrra dagana 13. og 14. maí 2024 og hið síðara 20. – 21. september 2024. Sólveig Franklinsdóttir framkvæmdastjóri Æskulýðssambandsins var kosin verkefnastjóri til að annast framkvæmd þinganna. Einnig var Elín Elísabet Jóhannsdóttir, fræðslustjóri Biskupsstofu starfsmaður haustþingsins.

Þá kynntu þau Drífa Hjartardóttir forseti Kirkjuþings og Guðmundur Þór Guðmundsson, starfsmaður Kirkjuþings, fundarsköp fyrir ungu þingfulltrúunum.

Helgistundin að vori var í umsjá Sr. Evu Bjarkar Valdimarsdóttur er setti jafnframt þingið. Á vorþinginun var helgistundin í umsjón Sr. Árna Þórs Þórssonar er jafnframt setti þingið.

Hilda María Sigurðardóttir var kosin forseti þinganna og Magnþóra Rós Guðmundsdóttir var kosin varaforseti. Þingritar voru kosin þau Anton Bjarni Bjarkason og Sunna Marie Uwesdóttir Völkel“

Þá var Hilda María Sigurðardóttir einig kosin fulltrúi unga fólksins inn á hið almenna Kirkjuþing og Berglind Hönnudóttir var kjörin til varasetu.

Þingið hefur fyrir löngu fest sig í sessi og er mikilvæg stoð í framþróun kirkjunnar. Það er ákaflega mikilvægt að ungt fólk læri lýðræðisleg vinnubrögð ásamt því að undirbúa og leggja fram mál, ræða þau og greiða atkvæða og sjá svo svart á hvítu hvernig hugðarefni þeirra móta og bæta kirkjuna sem þau vilja tilheyra til framtíðar.

Fulltrúar þingsins komu víða að uuk þess er hluti hópsins var frá Leiðtogaskóla þjóðkirkjunnar, en þingstörfin eru hluti af námi þeirra. Ýmis málefni voru rædd og tekin til frekari umræðu. Má þar nefna þingsályktun frá síðasta þingi er fjallar um þörfina á að mæta fjölskyldum með ung börn á breiðari vettvangi. Þá lögðu fulltrúar kirkjuþinganna m.a. til að sóknir verði hvattar til að bregðast við ólíkum þörfum fjölskyldna með því að bjóða uppá fjölbreyttara safnaðarstarf er taki mið af barnafjölskyldum. Einnig fjallaði þingið um það hvernig efla megi starf ungmenna á aldrinum 16-25 ára innan kirkna landsins. Að lokum fóru fram fjörugar umræður er varða fjölgun þingsæta ungra fulltrúa á hinu almenna Kirkjuþingi.

Þingin fóru bæði vel fram og var unga fólkið mjög áhugasamt um málefnin. Það er ljóst að innan kirkjunnar er öflugur hópur ungs fólks um land allt sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni. Þess má geta að í lok haustþingsins fengu þingfulltrúar afhenta gula rós fyrir þátttöku þeirra á þinginu í tilefni af gulum september.

KYNNING Á STARFSEMI ÆSKÞ

Dagana 21.-22. fóru fram kynningardagar fyrir nema í starfsþjálfun á vegum þjóðkirkjunnar. Þar gafst ÆSKÞ tækifæri til þess að kynna starfsemi félagsins fyrir verðandi djáknum og prestum framtíðarinnar.

GLEÐIGANGAN

ÆSKÞ tók að vanda þátt í gleðigöngunni er fór fram 10. ágúst. Þá voru öll æskulýðsfélög og leiðtogar í barna- og æskulýðsstarfi landsins hvattir til þátttöku í viðburðinum.

Undirbúningsfundur fyrir áhugasama var haldinn í Breiðholtskirkju föstudaginn 9. ágúst kl. 20.00 – 22.00 með pizzu og samhristingi. Þar var pallbíllinn m.a. skreyttur í regnbogalitunum. Einnig var haldinn fundur á Zoom á vegum skipuleggjenda Gleðigöngunnar vegna öryggismála þann 7. ágúst kl. 17.00 – 18.00.

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar (ÆSKÞ) vill draga úr fordómum gegn hinsegin fólki sem stundum eru byggðir á kristinni trú. ÆSKÞ telur að ekki sé hægt að finna grundvöll fyrir því að fordæma sambönd hinsegin para í Biblíunni. Þetta árið bauð ÆSKÞ hinsegin pörum upp á sambands blessun fyrir öll þau pör er vildu. Sr. Steinunn Anna Baldvinsdóttir þjónaði. Með þessum gjörningi vildi ÆSKÞ vekja athygli á því að þjóðkirkjan stendur öllum opin og þangað eru öll velkomin.

HAUSTNÁMSKEIÐ ÆSKÞ

Til stóð að halda tvö haustnámskeið. Annars vegar námskeið fyrir leiðtoga á vegum Barnaheilla – Save the children á Íslandi sem heitir „Verndari barna“. Það kennir fullorðnum leiðir til að koma í veg fyrir kynferðisofbeldi, þekkja vísbendingar um að ofbeldi er að eiga sér stað eða að möguleiki er á því að verið er að undirbúa jarðveginn til að brjóta á barni/ungmönnum kynferðislega og viðbrögð við því. Einnig er farið ítarlega í hvernig eigi að bregðast við ef ofbeldi hefur átt sér stað, innan eða utan skóla, íþróttahreyfingar eða annarra stofnana er þjónusta börn og varðar börn og ungmenntu.

Það reyndist erfitt að koma því við af hálfu námskeiðshaldara. Því var ákveðið að fara þá leið að framkvæmdastjóri ÆSKÞ ásamt Sonju Kro, æskulýðsleiðtoga á Akureyri myndu þess í stað sækja leiðbeinenda námskeið í fræðunum er var á næsta leyti. Í beinu framhaldi gætu þær haldið námskeið víðs vegar í kirkjum landsins. Svo fór að það námskeið var þrisvar sinnum fellt niður af óviðráðanlegum orsökum og því varð ekkert úr þeim lærdómi.

Hins vegar var fyrirhugað að halda leiðtoganámskeið í Vindáshlíð í október í formi æskulýðsmóts. Því miður var ekki næg þátttaka og því féll það um sjálft sig.

HAUSTHITTINGUR / ÆSKULÝÐSBALL

Fimmtudaginn 19. september 2024, kl. 19.00 – 21.30, var í fyrsta sinn haldið svokallað Haustball ÆSKÞ í Ástjarnarkirkju. Dagsetningin tók m.a. mið af komandi kirkjuþingi unga fólksins. ÆSKÞ var einnig með sjoppu á staðnum sem var ein af fjáröflunarleiðum félagsins. DJ Sverrir mætti á svæðið og hélt upp fjörinu og var mikið stuð. Í lokin leiddi Sr. Arnór Bjarki Blomsterberg (Nói), sóknarprestur Ástjarnarkirkju yndislega helgistund.

LEIÐTOGASKÓLINN

Leiðtogaskólinn (áður Farskóli leiðtogaefna) er eitt af flaggskipum æskulýðsstarfsins. Skólinn hefur í gegnum tíðina verið samstarfsverkefni ÆSKÞ, ÆSKH, ÆSKA og Biskupsstofu. Nú hafa Svæðisstjórar þjóðkirkjunnar tekið verkefnið að sér og því er það úr höndum félaganna.

LANDSMÓT

Landsmót er stærsta verkefni ÆSKÞ, bæði hvað varðar umfang og vinnu. Þá var sú ákvörðun tekin að færa Landsmót frá hausti yfir á vor og því fór ekkert mót fram 2024. Þá var einni stefnt að því að halda Landsmótið á Suðurlandi eða Suðurnesjum. Mótið fór fram í Vatnaskógi í mars og verður nánar greint frá því síðar.

ERLENT SAMSTARF

ÆSKÞ er aðili að European fellowship of Christian youth. Samtökin standa að námskeiðum og viðburðum fyrir æskulýðsleiðtoga auk þess að tengja saman æskulýðshópa héðan og þaðan frá Evrópu.

AÐALFUNDUR EF

Aðalfundur European Fellowship (EF), fór fram á Zoom 9. og 10. febrúar 2024. Hefðbundin aðalfundarstörf voru á dagskrá. Þá komu þeir Símon, formaður EF og Vaughan frá Boys Brigade í UK/Írlandi til Íslands í tengslum við fundinn. Þeir buðu stjórn ÆSKÞ í kvöldverðarspjall á veitingahúsið *Fjallkonan* sem var vel heppnað.

ÆSKÞ á ekki fulltrúa í stjórn EF að þessu sinni. Það væri hins vegar ákaflega mikilvægt fyrir sambandið að huga að því. Því er mikilvægt að þeir sem hafa áhuga á erlendu samstarfi og samtali við ólíkar deildir kristinnar kirkju sem og á þvertrúarlegum málefnum bjóði fram krafta sína. Eitt af markmiðum ÆSKÞ er að opna möguleika íslenskra ungmenna til að kynnast ungmennum í kirkjustarfi á erlendum vettvangi og viljum við því enn og aftur hvetja aðildarfélögin okkar til þess að senda þátttakendur á þau námskeið sem eru í boði. Auk þess sem félagið getur haft milligöngu um alþjóðleg samstarfsverkefni ef áhugi er fyrir hendi hjá einhverjum æskulýðsfélögum.

Ásmundur Máni Þorsteinsson er sérstakur tengiliður ÆSKÞ varðandi erlent samstarf.

EASTER COURSE 2024

Hið árlega Easter Course fór að þessu sinni fara fram í Transilvanyu í Rúmeníu dagana 23.-30. mars. Fyrir hönd Íslands tóku þrír fulltrúar þátt: Ásmundur Máni Þorsteinsson (2. tengiliður EF), Sigurður Óli Karlsson og Sebastian Andri Kjartansson. Námskeiðið var byggt upp í kringum megin viðfangsefni átaka- og umbreytinga. Í því samhengi var hver dagur tileinkaður geðheilbrigði og ýmiss konar mismunun. Fræðslu og umræðum var stjórnað af sérfæðingum. Gestafyrirlesari var Dr. Diana Lupean.

Markmið námskeiðisins var að kenna leiðtogum að takast á við margs konar breytingar á friðsamlegan og heilbrigðan hátt bæði í einkalífi og starfi. Markmið námskeiðsins var að gera leiðtogann færari í að takast á við krefjandi verkefni og ýmsar áskoranir. Boðið var upp á hópefli, leiki, borgarferð og parý. Þátttakendur og leiðbeinendur voru rífelga 70, frá fjölda Evrópulanda og komu frá ýmsum söfnuðum. Því var sannarlega um samkirkjulegan viðburð að ræða.

Þátttaka í viðburði sem þessum gefur einstakt tækifæri til að kynnast nýju fólki og læra af öðrum. Þarna voru samankomnir einstaklingar með mikla reynslu af barna- og unglingastarfi og því hægt að deila upplýsingum, verkefnum, leikjum, erfiðleikum og því sem virkar vel á hverjum stað fyrir sig sem er ómetanlegt.

ANNAD

Framkvæmdastjóri sótti þrjá samráðfundi er haldnir voru á vegum ÍSÍ frá janúar og fram í desember. Einnig var góð og mikil samvinna við Svæðisstjóra höfuðborgarsvæðisins og ÆSKH er stóðu í sameiningu að undirbúningi og gerð viðburðadagatala. Dagatalið var sent rafrænt til kirkna landsins.

Þá bæði boðaði og hélt framkvæmdastjóri alla stjórnarfundir félagsins þar til ný stjórn tók við síðast liðið vor.

Einnig tók framkvæmdastjóri þátt í undirbúningi að hinni alþjóðlegu bænaviku er fór fram í janúar 2025 í samvinnu við Kristniboðssamtökin á Íslandi og Biskupsstofu. Þá var þátttaka í hinum alþjóðlega bænadegi Lútherskra kirkna heimsins hluti af Janúarnámskeiði ÆSKÞ 2025.

Því miður kom upp það leiðindaatvik að vinnutölvu framkvæmdastjóra ÆSKÞ var stolið í október sem hafði áhrif á upplýsingastreymi í smá tíma.

Þá sótti framkvæmdastjóri einnig námskeiðið „Sorg og sorgaviðbrögð barna og unglunga“, á vegum Endurmenntunar. Leiðbeinandi var Sr. Guðný Hallgríms.

„Ég vil nota tækifærið og þakka öllum þeim er ég hef unnið með í starfi mínu sem framkvæmdastjóri ÆSKP fyrir traustið og samstarfið“.

*Virðingarfyllst
Sólveig Franklinsdóttir
Framkvæmdastjóri ÆSKP*